


Ýma tröllastelpa

Ég heiti Ýma, og ég hef nægan tíma
Því ég er bara sjö, og er tröllastelpa.
Mér finnst gaman að hjóla, og líka gaman í skóla.
Þegar enginn stríðir mér og ekki heldur þér.

Því allir eiga að fá að vera eins og þeir eru
Það skiptir engu máli þó að maður sé eitthvað öðruvísi.
Og sumum sem líður illa og eru alltaf að reyna að spilla
og segja þú mátt vera með en ekki þú, það er voða leiðinlegt og hananú!
En nú skulum við bara syngja, hlæja og vera að springa
úr gleði hvort út í annað og að stíða er alveg bannað.

Því allir eiga að fá að vera eins og þeir eru
Það skiptir engu máli þó að maður sé eitthvað öðruvísi.
Rabbararíraralla, babbararíraralla, babbabarababbabí rallallallallalí.....

Því allir eiga að fá að vera eins og þeir eru
Það skiptir engu máli þó að maður sé eitthvað öðruvísi.



Bahama

Síðan þú fórst hef ég verið með magakveisu,
Skildir ekkert eftir nema þessa peysu
Verst finnst mér þó að núna ertu með honum
Veistu hvað hann hefur verið með mörgum konum?
Svo farðu bara, mér er alveg sama
Ég þoli ekki svona barnaskóla drama
Ég ætla að pakka í töskurnar og flytja til

Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama
Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama

Allar stelpurnar hér eru í bikiní
Og ég er búinn að gleyma peysuflíkinni
Ég laga hárið og sýp af stút
Búinn að gleyma hvernig þú lítur út
Í spilavítinu kasta ég teningum
Í fyrsta sinn á ég helling af peningum
Borga með einhverju korti frá þér
Sem ég tók alveg óvart með mér til

Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama
Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama

Alla daga ég sit hér í sólinni
Minnugur þess þegar ég var í ólinni
Þú sagðir mér þá að þrifa og þvo
Meðan í takinu hafðir tvo
Núna situr þú eftir í súpunni
Ófrísk og einmana, alveg á kúpunni
Og þennan söng hef ég sér til þín ort
Og ég vona að ég fái kort til

Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama
Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama eyja
Bahama

Gordjöss

Líkt og fuglinn Fönix rís
fögur lítil diskódís
upp úr djúpinu
gegnum diskóljósafoss.
Ég er flottur, ég er frægur,
ég er kandís kandífloss.

Ú, ú, ú, ú, ú, ú.
Ú, ú, ú, ú, ú, ú, ú, ú, ú, ú.

Söngroddin er silkimjúk
sjáið bara þennan búk
instant klassík
hér er allt á réttum stað.
Ég er fagur, ég er fríður
ég er glamúr gúmmelað.

A, a, a, a, a, a, a, a, a.

Það geta' ekki allir verið gordjöss.
Það geta' ekki allir verið töff.
Það geta' ekki allir orðið fabjúlöss
eins og ég.
Það geta' ekki allir verið gordjöss.
Það geta' ekki allir meikað' það
eins og ég.

A, ha, ha.
A, a, a, a, a, a, a, a, a.
Ú, ú, ú, ú, ú, ú, ú, ú, ú.

Húðinni í Díor drekkt,
dressið óaðfinnanlegt
hvílík fegurð
hvað get ég sagt?
Ég er dúndur, ég er diskó,
það er mikið í mig lagt.

Það geta' ekki allir verið gordjöss....

113 vælubíllinn

Það var einu sinni smástrákur
sem að hélt hann væri einráður
og það var í góðu lagi
ef hann myndi hætta þessu væli (við hringjum)

Viú viú viú viú viú viú vi!
viú viú viú viú viú viú vi!
Hundrað og þrettán vælubíllinn!
viú viú viú viú viú viú vi!

Ég þekki líka fjölda manns
sem að grætur gengi dollarans
og fyrir allan skrílínn
ég hringi á vælubíllinn! (við hringjum)
Viú viú viú viú viú viú vi!

Líkt á hinu háa Alþingi
þau væla yfir samningi
og áður en ég æli
hættið þessu væli!
Viú viú viú viú viú viú vi!

Hvað gerum við við víkinginn
útrásar vælu kettlinginn
við sendum hann á sjóinn
þá lagast vælukjóinn ! (við hringjum)
Viú viú viú viú viú viú vi!

Viú viú viú viú viú viú vi!

